



86. fundur

Skólaráðsfundur Fossvogsskóla, miðvikudaginn 20. janúar 2021

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mætt: Karl og Agnar fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Ýr og Árni Freyr skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni

Dagskrá fundar:

- Þakkir
- Fjárhagsáætlun Fossvogsskóla kynnt
- Skóladagatal skólaársins 2021-2022; drög frá SFS kynnt
- Afmælisár Fossvogsskóla
 - o Umræður um hugmyndir og leiðir til að fagna
- Önnur mál

Samþykkt fundargerðar

Fundargerð síðasta fundar lesin og hún samþykkt.

Fjárhagsáætlun

- Skólinn skilaði afgangi á síðasta ári.
- Langtíma- og skammtímaforföll hafa reynst skólanum dýr.

Skóladagatal

- Drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2021-2022 kynnt. Það verður skoðað betur á næsta fundi ráðsins.

Afmæli skólans

- Fossvogsskóli verður 50 ára 9. október 2021. Setja þarf saman nefnd um afmælið.

Önnur mál.

- Rætt um viðbrögð skólans vegna nemenda sem sýna einkenni mengunar af völdum lélegra loftgæða í skólastofum. Benda á foreldrum á að leita til heilsugæslunnar ef börn þeirra sýna einkenni. Samþykkt að óska eftir fundi með SFS og USK vegna veikinda nemenda í skólanum.

Formaður FFF las upp erindi frá nokkrum foreldrum nemenda í skólanum:

„Við undirrituð eigum það öll sameiginlegt að eiga börn sem hafa veikst mikið sökum húsnæðis í Fossvogsskóla, farið hefur verið í framkvæmdir sem hafa ekki skilað tilskildum árangri því börnin okkar eru enn veik. Börnin okkar fá óstjórnlaga höfuðverki og blóðnasir, útbrot, beinverki, glíma við mikla andlega erfiðleika, öndunarerfiðleika og svo lengi mætti telja. Þau eiga það öll sameiginlegt að engin skýring hefur fundist á heilsubresti þeirra og þau lagast öll þegar þau eru ekki í skólanum.

Það hefur verið ólýsanlega erfitt að standa í slíku máli við Reykjavíkurborg. Mörg okkar hafa ítrekað sett sig í samband við skólann í von um að eitthvað breytist en raunin er sú að börnin okkar eru enn veik.

Október sl. var úrræðum lofað til að styðja við bráðan vanda barna sem líður mjög illa í skólanum en við þetta hefur ekki verið staðið. Upplýsingaflæði til foreldra þarf að vera mun betra og þá til allra foreldra.“

- Næsti fundur er 24. febrúar 2021.